

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Krossanesi



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	19.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540523,391 578828,293

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti en ein athugasemd var gerð við slattageymi sem notaður er til að tæma olíuflutningabíla á milli ferða.

UMFANG EFTIRLITS

Skeljungur rekur birgðastöð fyrir bensín, gasolíu (AGO) og skipagasolíu (MGO) í Krossanesi við Akureyri. Alls eru í stöðinni átta olíugeymar með heildarrýmd geyma samtals 7.304 m³. Geymarnir eru staðsettir í þremur olíuheldum mengunarvarnarprom, sem eru jarðvegsþrær. Stærsti geymirinn í stöðinni, sem rúmar 3.349 m³, er undir gasolíu. Fjórir geymar eru fyrir skipagasolíu (270 m³, 570 m³, 380 m³ og 360 m³) og einn geymir með rýmd upp á 275 m³ er undir úrgangsolíu. Lágréttur slattageymir hefur verið færður á milli þróa og þarf að skrá hann inn í gögn stöðvarinnar og merkja geyminn í samræmi við viðauka í reglugerð nr. 35/1994. Einn geymir, 930 m³, stendur tómur.

Bensín er geymt í stöðinni. Einn geymir að stærð 1.170 m³ er fyrir bensín. Árlegt gegnumstreymi á bensíni er yfir 5.000 tonn, nánar tiltekið var það tæplega 5.500 tonn ári á árinu 2016. Stöðin í Krossanesi hefur ekki gufusöfnunarbúnað þar sem skv. 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokjamra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað.

Allir geymar hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og eiga næstu mælingar að fara fram árið 2018.

Á lóð birgðastöðvarinnar er auk þess aðstaða fyrir áfyllingu og losun flutningabíla fyrir olíu og bensín, búnaður fyrir litun og blöndun þegar fyllt er á bíla, löndun olíu og bensíns úr skipum, lestun olíu í skip og annar búnaður í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 35/1994. Frárennsli er frá lekaþróum og áfyllingarplani um sandfang til olíuskilja. Sjálfvirkir lokar eru fyrir olíuskiljurnar og lokast þeir sjálfkrafa greinist olía í frárennsli stöðvarinnar. Opna þarf handvirkt fyrir lokana aftur.

Þrjár afgreiðslulagnir voru þrýstiprófaðar í haust en ein lögn tekin úr notkun. Lögn fyrir skipadísellolíu frá dælu yfir á afgreiðslupall verður blinduð enda ekki í notkun. Allar aðrar lagnir hafa verið þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum.

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Krossanesi, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um, frá því síðasta eftirlit fór fram. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í rekstrarhandbók.

Gert var olíupróf (Macherey-Nagel) í báðum skiljunum í eftirlitinu. Engin olía greindist á prófinu.

Gengið var um stöðina, lagnir og geymar voru sjónskoðaðir. Einnig voru lekavarnir (þró) og olíuskiljur skoðaðar. Girðingar og hlið voru í lagi og stöðin var snyrtileg á að líta.

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og mengunaráhöpp hafa ekki orðið.

ATHUGASEMDIR

Skrá þarf og merkja slattageymi í olíubirgðastöð Skeljungs hf. á Akureyri. Geyminn skal síðan þykktarmæla í samræmi við kröfur í reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, nr. 35/1994.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.10.2017

Gottskálf Friðgeirsson